

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 20. maí 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi fallvatnsvirkjunar við Múlaá í Garpsdal. Breytingin felst í tilfærslu á staðsetningu byggingarreits inntaksmannvirkis til suðurs innan deiliskipulagsmarka. Með breytingunni helst stærð framkvæmdasvæðis óbreytt en lögum þess er lítillega breytt við inntaksmannvirki en byggingarreitur vatnsinntaks færast neðar í landið. Við þessa breytingu stýttist fallpípan niður í 2.060 m.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Reykhólum, 8. júní 2021.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. júní 2021